

University of London

**EXAMINATION FOR INTERNAL STUDENTS**

For The Following Qualification:-

*B.A.*

**Scand. Studs. SC1190: Basic Modern Icelandic**

COURSE CODE : **SCAN1190**

UNIT VALUE : **1.00**

DATE : **28-APR-04**

TIME : **10.00**

TIME ALLOWED : **3 Hours**

## Answer ALL questions.

A. (60%) Read the following text carefully and answer questions 1-7 below in your Answer Book:

Ég þekkti einu sinni strák sem fauk út í veður og vind. Það var alveg voðaleg lífsreynsla. Þessi strákur var alltaf í vondu skapi: 'Mér leiðist, hundleiðinlegt hérna alltaf, ekkert gaman!' Og af því að hann var alltaf í svo vondu skapi, þá náðu augabréunirnar á honum alveg niður á nef.

5        'Eigum við að koma í fótbalta?' sagði stóri bróðir hans. 'Komdu með mér út í fótbalta, ég á nýjan, fínan fótbalta, komdu, vertu með!'

'Oj bara, fótbalta! Ógeðslega leiðinlegt í fótbalta! Ég nenni sko ekki í fótbalta!'

10      'Veistu hvert ég er að fara?' sagði pabbi hans. 'Ég er að fara í bíó. Ég ætla að sjá nýja teiknimynd. Kannski fæ ég mér popp og kók með. Viltu koma líka?'

'Oj bara, bíó! Hundleiðinlegt í bíó!'

'Nú veit ég hvað við gerum,' sagði mamma hans. 'Höldum pitsuveislu!'

'Oj bara, pitsur! Ógeðslega vondar, pitsur! Mig langar sko ekki í pitsur!'

15      Það var nefnilega ekki nóg með hann var alltaf í svo vondu skapi, heldur vildi hann aldrei borða matinn sinn. Það var alveg sama hvað var í boði, kjöt eða fiskur, grautur eða súpa, pylsur eða pitsa, honum þótti allt vont. Og af því að hann var svo latur að borða, þá var hann alveg ofsalega mjór, hann var með innfallnar kinnar og bauga undir augum, og hárið á honum var eins og gömul tuska upp á höfðinu á honum.

20       Svo var það einn daginn að þessi strákur þurfti að fara út, og þegar hann kom út á tröppurnar hjá sér, þá er vindhvíða hátt upp í lofti, og hún lítur niður og segir: 'hvað er þessi fylupoki að þvælast úti!' Og hún steypir sér niður og undir hann og lyftir honum upp og hann fýkur af stað, og fýkur yfir alla bílana og öll húsin og öll tré,

hann fýkur lengra og lengra, í átt að stóru fjalli, og yfir fjallið, og loksins þar hinum  
25 megin lendir hann.

Hann stendur á fætur og dustar af sér og segir: ‘Ha! Þarna fauk ég bara!  
Hvernig á ég nú að komast heim til mínn? Ég veit ekki hvert ég á að fara!’ Svo leit  
hann í austur, og í vestur, í norður, og í suður, en hann vissi ekki hvert hann átti að  
fara.

30 En hann gekk samt af stað, og gekk og gekk, og loksins kom hann að stórum  
steini, og á honum var snigill. Og strákurinn segir: ‘Góðan daginn, herra snigill!  
Fyrirgefðu! En heyrðu, ég er strákurinn sem fauk út í veður og vind, og ég rata ekki  
heim til mínn. Ég veit ekki í hvaða átt ég á að fara. Viltu hjálpa mér?’

Snigillinn leit á hann: ‘Af hverju faukstu? Af hverju faukstu út í veður og  
35 vind?’

‘Æi það var út af því að ég var svo latur að borða, og svo var ég líka alltaf í  
svo vondu skapi!’

Pá leit snigillinn á hann: ‘Ef ég hjálpa þér, ætlarðu þá að lofa mér að borða  
matinn þinn og vera í góðu skapi?’

40 ‘Ég lofa því!’ segir strákurinn.

Svo lyfti snigillinn augunum sínum upp úr höfðinu, alveg svakalega hátt, og  
svo leit hann í allar áttir og sagði: ‘Þangað! Þangað skaltu fara! Þú átt að ganga í þessa  
átt!’

‘Pakka þér fyrir, herra snigill!’ sagði strákurinn. ‘Ég skal aldrei gleyma því  
45 hvað þú hjálpaðir mér mikið!’

Og svo gekk strákurinn af stað, og helt áfram að ganga lengi lengi. Það var  
komið kvöld þegar hann kom loksins heim til sín, þar sem foreldrar hans og bróðir  
biðu eftir honum. Og hann kom inn og sagði: ‘Nú er ég strákurinn sem fauk út í veður

og vind! En héðan í frá verð ég í góðu skapi og ætla að borða matinn minn! Og það  
50 gerði hann.

**Questions:**

1. Translate lines 1-10 of the above text ('Ég þekkti ... líka!') into English.
2. Answer the following questions (a)-(e) in English:
  - (a) What does the boy look like?
  - (b) Where is he blown off to?
  - (c) How does he find his way back?
  - (d) What must he do in return?
  - (e) When does he get home?
3. Write an Icelandic word that has an *opposite* meaning to EACH of the following words (a)-(e) below:
  - (a) leiðinlegur (line 7)
  - (b) latur (line 17)
  - (c) mjór (line 17)
  - (d) hátt (line 21)
  - (e) stór (line 30)
4. Decline the nouns (a)-(e) below with the definite article, according to the following pattern:

strákurinn – strákinn – stráknum – stráksins

- (a) tuska (line 18)
- (b) höfuð (line 18)
- (c) fjall (line 24)
- (d) steinn (line 31)
- (e) snigill (line 31)

5. Give the cardinal forms (infinitive, present tense first person singular, past tense first person singular and plural) of the verbs (a)-(e), according to the following pattern:

fékk: að fá – fæ – fékk – fengum

- (a) fara (line 27)
  - (b) gekk (line 30)
  - (c) kom (line 30)
  - (d) hélt (line 46)
  - (e) biðu (line 48)
6. Write the correct prepositions in place of the numerals in (a)-(e):
- (a) Kolbrún borðar alltaf ávexti (1) morgunmat.
  - (b) Við ætlum (2) kaffihús í kvöld.
  - (c) Hann ferðast oft (3) útlanda á sumrin.
  - (d) Kötturinn stekkur (4) borðinu.
  - (e) Má ég koma (5) þér í bíó?
7. Write the correct form of the appropriate pronoun (personal/possessive/reflexive) in place of the numerals in (a)-(e). In each case, the pronoun in question refers to the subject.
- (a) Strákurinn meiddi (1).
  - (b) Týndirðu bókinni (2)?
  - (c) Flýtið (3) í skólann!
  - (d) Hún býr enn hjá foreldrum (4).
  - (e) Hann þvoði bíl konunnar (5).

**B. (40%) Write an essay in Icelandic (of AT LEAST 150 words) on ONE of the following topics:**

1. Matreiðsluævintýri.
2. Merkileg lífsreynsla.
3. Sumarfrí.
4. Borg eða sveit?
5. Einu sinni var...
6. Skrifaðu sögu um myndina hér að neðan.

